



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félags- og mannvísindadeild**

**BA-ritgerð**

**Þjóðfræði**

**Skógerð á Íslandi í byrjun 20. aldar**

**Harpa Harðardóttir**

**Júní 2010**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félags- og mannvísindadeild**

**BA-ritgerð**

**Þjóðfræði**

**Skógerð á Íslandi í byrjun 20. aldar**

**Harpa Harðardóttir**

**Júní 2010**

Leiðbeinandi: Jón Jónsson

Nemandi: Harpa Harðardóttir

Kennitala: 200180-5859

## Útdráttur

Íslenskir skór skipuðu stóran sess í lífi fólks í byrjun 20. aldar. Skórnir voru handsaumaðir heima úr hráefni sem fólk útvegaði sér og voru þeir gerðir til dæmis úr sauðskinni og selskinni. Skógerð og vinnsla gat tekið langan tíma því vinna þurfti hráefnið mikið áður saumaskapur hófst, til dæmis voru skinn lituð og reykt. Þótti mikil framför þegar innflutningur hófst á skóm því mikill tími sparaðist sem áður hafði farið í skógerð auk þess sem innfluttir skór þóttu fara betur með fætur.

Rannsóknarspurning var hvort einhver munur var á skógerð eftir landshlutum í byrjun 20. aldar, en spurningaskrá 12 frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands um skógerð var notuð sem aðalheimild. Auk þess var skoðað efni um skógerð sem birst hefur í ýmsum bókum og greinum. Heimildum var skipt í 5 landsvæði og svör heimildarmanna Þjóðháttasafns notuð til að svara rannsóknarspurningunni. Í ljós kom að munur var á skógerð milli landsvæða, en munur var líka á skógerð eftir ákvörðunum húsmæðra og húsbænda, en aðgangur að hráefni var líka ólíkur eftir búsetu. Reynt var að gera skó á sem hagkvæmastan hátt og útskýrir það stundum muninn því allt var gert til að gæta auðlinda og fjármuna.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er lokaverkefni í B.A. námi mínu í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin vegur 12 einingar (ECTS) og var unnin undir leiðsögn Jóns Jónssonar þjóðfræðings og stundakennara, kann ég honum bestu þakkir fyrir.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Íslenskir skór og skógerð.....	9
3. Skógerð í byrjun 20. aldar .....	13
3.1 Val á efni og vinnsla þess .....	13
3.1.1 Litun, elting og reyking.....	13
3.1.2 Efnisval.....	16
3.1.3 Gerð og saumaskapur .....	19
3.2 Áhöld í skógerð.....	22
3.3 Umhirða og geymsla.....	23
3.4 Heiti á skóm.....	25
3.5 Hjátrú.....	26
4. Mismunur á skógerð eftir landshlutum.....	29
4.1 Munur milli landsvæða .....	29
4.1.1 Litun, elting og reyking.....	30
4.1.2 Efnisval.....	31
4.1.3 Saumaskapur.....	33
5. Niðurstöður.....	34
Heimildaskrá.....	36
Óprentaðar heimildir.....	36
Prentaðar heimildir .....	39

## 1. Inngangur

Íslendingar sáu sér sjálfir fyrir skótaui í byrjun 20. aldar og höfðu gert gegnum aldirnar. Voru skórnir gerðir heima fyrir úr ólíku og mismunandi efni. Efniviður gat verið margskonar, en einna algengast var að gera skó úr sauðskinni og leðri. Önnur efni þekktust þó svo sem selskinn. Aðgangur að hráefni til notkunar sem skæðaskinn var ekki sá sami allsstaðar á landinu og má ætla að efnisval hafi verið mismunandi vegna þess.

Vinnsla á skæðaskinni fór fram á heimilunum og fólst hún meðal annars í að lita skinn og vinna þau undir notkun við skógerð. Vinnslan var einnig ólík eftir efnum fólks og tækifærum, svo sem til að nálgast viss litarefni. Eftir að skæðaskinn hafði verið sniðið og lagað að kröfum hvers heimilis voru skórnir saumaðir í höndum.

Fólk gekk því mestmegnis í frekar veigalitlum og þunnum skóm en mikil framför þótti þegar farið var að nota innflutta og keypta skó, svo nefnda danska skó, gúmmískó eða stígvél (stígvélaskó), þegar leið fram á 20. öld. Þeir þóttu hlífa fótum betur og fólk hætti að vera síblautt í fætuna, því íslensku skórnir voru ekki vatnsheldir. Einnig sparaðist mikill tími sem áður fór í skógerð og að bæta slitna skó. Innfluttu skórnir voru nánast búnir að ýta íslensku skónum til hliðar í kringum 1930. Samræmist það almennri þróun sem átti sér stað á fatnaði en samkvæmt Æsu Sigurjónsdóttur var heimaunninn klæðnaður og skór að hverfa um 1930 (Æsa Sigurjónsdóttir, 2004, bls. 245). Engann skal undra hve stuttan tíma tók fyrir innfluttu skóna að verða algengir því fólk sá mun fleiri galla við notkun á íslensku skónum en kosti.

Voru það helst prestar og embættismenn sem byrjuðu að nota innflutta skó og er það í samræmi við það sem kemur fram hjá Æsu Sigurjónsdóttur um að embættismenn héraendis, bæði innlendir og erlendir hafi flutt evrópska tiskustrauma til landsins (Æsa Sigurjónsdóttir, 1985, bls. 64).

Tilgangur þessarar ritgerðar er að gera heildaryfirlit um það hvernig skór voru gerðir í byrjun 20. aldar og verður í því samhengi sérstaklega skoðað hvort einhver mismunur var í skógerð og vinnslu efnis eftir landshlutum. Til dæmis hafa flestir heyrt að roðskór hafi aðeins þekkt á Vestfjörðum, þess háttar hugmyndir verða skoðaðar. Einnig verður athugað hvort munurinn hafi farið eftir efnum heimilanna sjálfra og þá jafnvel vegna þess að fólk hafði mismunandi skoðanir á hinum ýmsa efnivið. Álit fólks

á íslenskum skóm og ástæður þess að notkun þeirra var hætt verða skoðaðar. Auk þess verður notkun áhalda, hirðing og geymsla á skóm skoðuð sérstaklega til að athuga hvort hlutirnir hafi almennt verið gerðir eins allsstaðar. Auk þess verður farið í hvernig skórnir virðast hafa tengst menningu til dæmis í hjátrú tengdri íslenskum skóm og heitum þeirra. En það virðist hafa verið að einhverju leyti ólíkt eftir því hvar á landinu fólk bjó.

Í öðrum kafla verður byrjað á að skoða hvað skórnir höfðu mikil áhrif á daglegt líf fólks, til dæmis hve langan tíma gerð þeirra tók og hverjir það voru sem gerðu skóna. Hvernig skórnir entust hafði líka áhrif á tímamann sem fór í skógerð og fjallað verður sérstaklega um það. Jafnframt er kannað hvaða skoðanir heimildarmenn Þjóðháttasafns höfðu á skónum, það er hverjir voru kostir þeirra og gallar. Að auki er tekið til skoðunar hvenær hætt var að nota íslensku skinnskóna og hvað kom í þeirra stað. Reynt verður að svara þeirri spurningu hvort fólk hafi almennt sóst eftir öðrum skóm eða látið nægjusemi ráða. Auk þess er athugað hvað varð til þess að hætt var að nota íslenska skinnskó.

Þriðji kafli fjallar um skógerð í byrjun 20. aldar. Þar verður farið ítarlega yfir hvert hráefnið í skóna var til að átta sig á fjölbreytileika þess. Sagt verður frá helstu aðferðum við litun, eltingu og reykingu í þeim tilgangi að skapa grunn fyrir frekari greiningu á efninu. Síðan verður fjallað um efnisval í skóna sjálfa, bryddingar, þvengi og seymi. Tilgangur þess er að kanna hvaða efni voru helst notuð og hvaðan fólk fékk efnivið, því aðgangur gat verið takmarkaður. Að lokum verður fjallað um gerð og saumaskap í þriðja kafla. Hverjir það voru helst sem gerðu skóna og bættu þá er tekið til umræðu, auk þess sem skoðað er hvernig vinnslan fór fram. Þar fást grunnupplýsingar sem nýtast meðal annars til að greina fjölbreytileika í gerð skónna í kafla 4.

Jafnframt er í kafla þrjú sagt frá hvaða áhöld voru notuð við skógerðina og skoðað hvort fólk hafi verið eins nægjusamt með þau eins og aðra hluti og notað það sem til var heima. Síðan verður farið yfir umhirðu og geymslu skónna sem hafði auðvitað áhrif á þann tíma sem fór í bætingu á skóm og hvort munur hafi verið þar milli heimila. Næst verður fjallað um skóheiti í þeim tilgangi að sjá hve sterk áhrif skórnir virðast hafa haft á menningu því þeir höfðu mikil áhrif á daglegt líf fólks. Í lok kaflans verður sagt frá hjátrú tengdri gerð og notkun skónna, hvort hún hafi verið ólík eða hvort einhverjar megináherslur hafi birst.

Mismunur á skógerð eftir landshlutum er síðan til athugunar í fjórða kafla og hann fer í að svara því hvort og hvernig munur hafi verið á skógerð eftir landsvæðum.



Þar verða svör úr spurningaskrá 12 frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns notuð til að greina mun á litun, eltingu, reykingu, efnisvali og saumaskap. Tilgangur kaflans er að sýna hvort skógerð hafi haft séreinkenni eftir landssvæðum eða eftir heimilum og vali þeirra eða efnunum.

Í lokin verður síðan dregin saman niðurstaða úr þeim köflum sem á undan komu til að heildarniðurstaðan sé sem skýrust.

Fremur lítið hefur verið fjallað fræðilega um skógerð hér á landi nema í stuttu máli og þá í tengslum við aðra fatagerð eða handavinnu. Ekkert heildstætt rit hefur verið gefið út um efnið og hér er því að vissu leyti um að ræða frumrannsókn á skógerð í byrjun 20. aldar.

Svör við spurningaskrá 12 um skógerð frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands eru notuð sem frumheimild og grundvallarheimild í þessari ritgerð, en sú skrá var send til fjölda fólks árið 1964. Í svörum við skránni gafst fólki færi á að svara spurningum um allt sem við kom skógerð og ýmislegt annað henni tengt. Með því að skoða svörin sem flest eru frá fólki sem fætt var kringum aldamótin 1900 fæst sýn á skógerð bæði frá þeim sem horfðu á aðra vinna við hana og eins frá þeim sem höfðu sjálfir gert skó. Þetta sýnir að svörin við skrá 12 frá Þjóðhátadeild Þjóðminjasafns Íslands eru afar mikils virði, vegna þess að þar fást svör frá fólki sem þekkti sjálft vinnubrögðin og gat sagt rétt og skilmerkilega frá þeim. Ýmis atriði koma fram í svörunum sem sleppt er í öðrum heimildum, meðal annars vegna þess hve ítarlegar spurningar eru í skránni um alla þætti skógerðar. Að auki og til samanburðar verða skoðaðar heimildir um skógerð úr yfirlitsritum um íslenska þjóðhætti, til dæmis úr bókunum *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum* eftir Guðmund Þorsteinsson frá Lundi, *Íslenzkir þjóðhættir* eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili auk *Íslenzkra sjávarhátta* eftir Lúðvík Kristjánsson.

## 2. Íslenskir skór og skógerð

Íslensk skógerð var eitt aðalverkefna íslenskra kvenna í kringum 1900. Tók gerð þeirra og bæting oft langan tíma, enda þurfti að búa til mörg pör og bæta því skórnir entust stutt. Samkvæmt Huldu Á. Stefánsdóttur þurftu húsbændur að sjá sínu fólki fyrir skóm auk þeirra sem réðu sig í vist, þannig að fjöldi skæða gat verið mikill (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1970, bls. 4). Konur sátu því lengi við að bæta skó eða gera nýja svo heimilismenn ættu næga skó daginn eftir og sveitastörfin gætu gengið sinn vanagang (ÞÞ 1006, bls. 14). Karlar gerðu líka stundum skó, en samkvæmt einum heimildarmanni Þjóðháttasafns fæddum 1893 var það sérstaklega þegar gera þurfti skó úr þykku leðri sem erfitt var að sauma (ÞÞ 929, bls. 7).

Mislangan tíma tók að fullgera skó og fór það til dæmis eftir efnisvali. Kona fædd 1902 segir frá því að það hafi tekið um 30 mínútur að gera roðskó en aftur á móti 6 til 8 klukkustundir að gera fjallgönguskó úr þykku leðri, því gerð þeirra þurfti að vera sérstaklega vönduð (ÞÞ 973, bls. 10).

Íslenskir skór entust mislengi og ólíkar skoðanir á endingu komu fram í svörum við spurningaskrá Þjóðháttasafns, karlmaður fæddur 1889 ætlaði að meðalþykkir leðurskór sem notaðir voru við venjuleg heimilisstörf hefðu dugað um mánuð (ÞÞ 951, bls. 13). Annar karlmaður, fæddur 1901 telur leðurskóna hafa enst frá tveimur til þremur dögum upp í fjórar til fimm vikur þó þeir væru úr jafngóðu efni (ÞÞ 990, bls. 29). Nokkur atriði skiptu máli hvað endingu varðaði, í fyrsta lagi skipti efni og þykktt máli en leðurskór þóttu endast einna best. Nautsleður var talið best og þykkast, næst hrossleður og selskinn þóttu líka endingargóð. Sauðskinn komu þar á eftir hvað endingu varðar því þau voru þynnri, en skinn af geldum ám og sauðum þóttu góð (Hulda Á. Stefánsdóttir 1970, bls. 5). Skinn af eldri skepnum þóttu almennt endast betur en af yngri (ÞÞ 990, bls. 28).

Verkun skinna hafði jafnframt áhrif á endingu, en reykt skinn og þau sem búið var að geyma lengi þóttu betri en óreykt skinn. Á sumum heimilum þótti hálfgert neyðarúrræði að nota skinn sem höfðu ekki verið geymd lengi (ÞÞ 1059, bls. 12). Er það í samræmi við það sem fram kemur hjá Guðmundi Þorsteinssyni um að best þótti að geyma skinn lengi svo þau reyktust vel áður en þau voru notuð í skó, þá þóttu skórnir endast betur (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 33-34).

Hirðing skónna hafði líka áhrif á endingu, væri illa hirt um þá entust þeir skemur. Húsmæður létu fólk sitt líka slíta skóm mismikið, sumar voru alltaf að stagla og bæta í stað þess að láta fólk fá nýja skó. Þannig entust skórnir lengur en ella. Hve mikið fólk gekk og á hverju skipti líka máli því ef mikið var gengið á grýttu landi slitnuðu skór hraðar (ÞP 990, bls. 28-29). Einnig segja heimildarmenn Þjóðháttasafns að það þekktist að klæðast görmum yfir nýja skó til að hlífa þeim (ÞP 1210, bls. 15). Samræmist það því sem fram kemur hjá Huldu Á. Stefánsdóttur en hún segir frá að fólk hafi notað utanyfirskó. Þannig að fólk klæddi sig í tvenna skó til að hlífa betri skónum, bætti þetta endingu þeirra (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1979, bls. 7).

Þegar rætt er um kosti og galla við íslensku skóna nefna heimildarmenn Þjóðháttasafns töluvert fleiri galla og ókostirnir voru greinilega ofar í hugum þeirra. Svona lýsir kona fædd 1907 úr Eyjahreppi íslensku skinnskónum:

Íslenskir skór höfðu bæði kosti og galla. Þeir voru léttir á fæti og saggalausir, en gátu hert illa að tánum ef þeir voru hafðir knappir. Margir fengu af þeim krepptar tær og báru menjar þess alla ævi. Fólk varð sárfætt með þá ef mikið þurfti að ganga á grjóti eins og oft kom fyrir við fiskbreiðslu, áður en skór með þykkum sólum fóru að flytjast inn. Mikil vinna lá í að búa til skinnskó og ekki síður að bæta þá. (ÞP 976, bls. 19).

Einn kostur við íslenska skó sem flestir heimildarmenn Þjóðháttasafns voru sammála um var hve léttir skórnir voru á fæti. Aðrir kostir voru að skórnir þóttu snotrir væru þeir vel gerðir, auk þess spöruðust töluverð útgjöld með gerð þeirra úr efnum sem til féllu á heimilum. Samkvæmt karlmanni fæddum 1918 sem svaraði spurningaskrá Þjóðháttasafns hafði vani líka sitt að segja: „Þó einkennilegt sé varð maður sjaldan sárfættur á þessum skóm. Hefur því valdið vafalaust hvað maður var vanur að ganga á þunnu.“ (ÞP 1001, bls. 8-9). Jafnframt þóttu skórnir falla vel að fótum og fara vel með þá, auk þess að fólk varð ekki rakt í fætuna í þeim ef heitt var. Auk þess hentuðu skórnir vel í innivinnu og göngur í fjallendi (sjá t.d. ÞP 979, bls. 29).

Ef litið er á helstu galla sem nefndir voru við skóna í svörum við spurningaskrá Þjóðháttasafns koma ýmis atriði í ljós. Karlmaður fæddur 1889 segir svo frá:

Gallarnir voru aftur á móti margir ef borið er saman við þá skó sem á eftir komu. Ekki gátu þeir haldið fótunum þurrum í döggevotu grasi, og í snjó þurfti sérstaka aðgætni að verjast því að í þá færi snjór. Þá var sá galli sérlega hvimleiður að í þurrkum á sumrin urðu þeir harðir og hálir sem gler. Bættir voru þeir lekir og hvimleiðir. (ÞP 951, bls. 13).

Jafnframt þóttu þeir hálir og harðir í frosti auk þess sem fólk átti á hættu að kala á fótum. Þrengdu skórnir að tám og hælum, ertu húð og fleira. Kallaðist það skókreppa (ÞP 979, bls. 30). Skórnir snérust á fótum í bleytu og vörp slitnuðu. Í þurrkum vildu skórnir nasbitna, en svo var það kallað þegar tásamur bilaði (ÞP 963, bls. 7). Væru skórnir þurrir láku þeir um saumana. Þegar gengið var á grjóti urðu menn sárfættir og skórnir eyðilögðust fljótt, en í bratta snérust skórnir út á hlið. Jafnframt þótti galli hve gerð skónna og viðgerðir tóku langan tíma. Stuttur endingartími var líka stór galli við skóna (sjá t.d. ÞP 1212, bls. 34 og ÞP 1040, bls. 16-17).

Kringum aldamótin 1900 gekk þorri landsmanna í sauðskinnskóm og skótaui úr álíka efnum, bæði spari og hversdags. Á árabílinu 1915 til 1930 hættu flestir að ganga í íslenskum skóm, þó notuðu sumir þá áfram sem inniskó (sjá t.d. ÞP 993, bls. 19). Samkvæmt einum heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1901 voru eftirfarandi þrjár ástæður fyrir því að hætt var að nota íslensku skóna:

Sú fyrsta var að á árabílinu 1915-1925 fengust keyptir í verslunum svonefndir vatnsleðurskór. Þó þeir kostuðu töluverða peninga á þeirra tíma mælikvarða, og væru ekki allskostar hentugir til allrar vinnu, þá reyndu þó margir að eignast þá. Á síðari hluta þessa tímabils fóru líka að fást gúmmískór, og urðu þeir á skömmum tíma nær allsráðandi sem hversdagsskór. Önnur ástæðan voru ókostir íslensku skónna sem nefndir voru hér á undan. Þriðja ástæðan var sú mikla vinna sem íslensku skórnir útheimtu. (ÞP 990, bls. 30).

Ódýrir gúmmískór og vatnsleðurskór fóru að fást í verslunum auk þess sem sumir gerðu skó úr striga úr dekkjum, samkvæmt einum heimildarmanni Þjóðháttasafns (ÞP 999, bls. 11). Guðmundur Þorsteinsson staðfestir þetta þar sem hann segir frá því að menn hafi um 1930 farið að búa sér til skó úr bíslöngum (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 38). Ansi skemmtileg frásögn kemur fram í svörum karlmanns sem fæddur var 1896 um mann sem ætlaði sér að kaupa stígvél:

... ungur maður kom inn í verslun og spurði hvort hér fengjust „stjélvíg“. Búðarþjónninn neitaði því, en þá áttaði ungi maðurinn sig og segir: Fyrirgefíð, ég ætlaði að segja „vígstél“, en búðarmaðurinn kannaðist ekki heldur við að vígstél væru þar til sölu. Að lokum datt búðarlokunnunni í hug að spyrja piltinn hvort hann ætti ekki við stígvél, og kom það þá á daginn að það var einmitt hluturinn sem hann ætlaði að kaupa. (ÞÞ 1071, bls. 21-22).

Á þessari frásögn sést að fólk virðist jafnvel ekki hafa vitað hvernig nefna ætti skóna í byrjun notkunar á innfluttum skófatnaði. Sumir héldu áfram að nota íslensku skóna sem hversdagsskó í byrjun, en danskir skór eða stígvélaskór tóku við sem spariskór (ÞÞ 999, bls. 20-21). Að auki voru einhverjir ekki alveg tilbúnir að sleppa íslensku skónum eins og fram kemur í svörum við spurningaskránni hjá karlmanni fæddum 1888:

Ýmsir héldu fyrst í stað að brött og torgengin fjöll ... yrðu ekki gengin nema á íslenskum leðurskóm, en svo komust menn fljótt að raun um að íslensku skórnir voru ekki betri en aðrir skór ýmsir til fjallgengna, og þá hurfu íslensku skórnir úr notkun til fulls. (ÞÞ 918, bls. 17).

Íslensku skórnir virðast síðan nánast algjörlega hafa horfið úr notkun rétt fyrir miðja 20. öld, líkt og áður hefur komið fram.

Prestar og embættismenn virðast fyrstir hafa tileinkað sér innfluttu skóna, eflaust var það vegna auðvelds aðgangs þeirra að skónum. Auk þess má ætla að þeir hafi haft meiri fjárráð en mörg íslensk heimili (ÞÞ 933, bls. 10). Skókaup spöruðu tíma sem áður hafði farið í skinnaverkun, skógerð og bætingar, og hægt var að einbeita sér að öðrum störfum.

### 3. Skógerð í byrjun 20. aldar

Skæðaskinn var notað sem samheiti yfir helstu tegundir sauðskinnis sem notaðar voru til skógerðar, jafnframt var notað nautsleður, hvalleður og roð auk fleiri tegunda (ÞP 7234, bls. 3). Sumstaðar voru þó öll skinn og leður til skógerðar nefnd skæðaskinn en ekki bara sauðskinn og samkvæmt einum heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1889, var orðið skóleður stundum notað sem samheiti yfir allt skóefni (ÞP 952, bls. 1).

Reynt var að eiga alltaf tilbúna skó fyrir allt heimilisfólk, en samkvæmt Huldu Á. Stefánsdóttur þótti mikil skömm væri ekki til nóg af skæðaskinni (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1970, bls. 5). Ekki var alltaf tími til að gera skó eða bæta vegna anna, til dæmis yfir sláttinn. Vegna þessa var alltaf reynt að eiga nóg af skóm fyrir slátt, einnig fyrir fráfarur, smölun, göngur og verferðir. Nýir skór voru yfirleitt gerðir fyrir jól og auk þess voru gerðir nýir skór fyrir sumardaginn fyrsta (sjá t.d. ÞP 1719, bls. 5). Samkvæmt karlmanni fæddum 1884 voru illviðrisdagar stundum notaðir til skógerðar (ÞP 1000, bls. 3).

#### 3.1 Val á efni og vinnsla þess

Ætla má að efnisval í skó hafi verið ólíkt eftir landsvæðum og heimilisaðstæðum, en aðgangur að hráefni var mismunandi. Notað var það sem til var á hverjum stað og sóst eftir að ná sem mestri hagkvæmni í notkun og gerð. Mismunandi vinnsla á skæðaskinni fór fram á hverju heimili, en það fór eftir vali húsmæðra og húsbænda hvaða efni var notað sem skæðaskinn og hvernig fólk vann það.

##### 3.1.1 Litun, elting og reyking.

Nokkrar litunaraðferðir þekktust hérlendis en bæði var skinn litað vegna þess að það þótti fallegra og einnig var talið að þau entust þá betur (ÞP 1009, bls. 1). Sama kemur fram hjá Guðmundi Þorsteinssyni en hann segir að reynt hafi verið að lita skinn sem fyrst til að bæta endingu þeirra (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 34).

Fyrst ber að nefna sortulyngslitun en hún fór þannig fram að heimilisfólk, oft unglingar fóru á sumrin, haustin eða þegar henta þótti og tíndu sortulyng (sjá t.d. ÞP 1082, bls. 1). Samkvæmt Guðmundi Þorsteinssyni voru aðallega þynnri skinn lituð með sortulyndi, en ekki húðir (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 34). Ekki höfðu öll

heimili sortulyng í grendinni og urðu þau því að útvega sér sortulyng annars staðar frá ef þau vildu lita með því (ÞÞ 1000, bls. 1).

Það var mismunandi eftir heimilum hvort lyngið var lagt í keytu eða vatn. Þegar það var sett út í keytu var sortulyngið sett í ílát, keytu blandað saman við og látið standa 3 til 4 daga. Eftir það var skinnið sem lita átti sett ofan í, haft þar 2 til 3 daga og látið taka í sig litinn. Síðan voru skæðaskinnin vafin saman og látin í pressu því næst breidd á rá og þurrkuð á þeim stað sem var tiltækur á hverju heimili (ÞÞ 970, bls. 1).

Þegar litur var búinn til með því að blanda saman vatni og sortulyngi var lyngið ýmist soðið í vatni í 1-2 klukkustundir eða lagt í bala, vatni hellt yfir og geymt þannig í nokkra daga. Síðan var það soðið (sjá t.d. ÞÞ 969, bls. 1). Er þessi aðferð svipuð þeirri sem Matthildur Halldórsdóttir segir frá nema þar var lyngið soðið í 3-4 klukkustundir (Matthildur Halldórsdóttir, 1944, bls. 11). Var lögurinn síðan settur í ílátið sem lita átti í og látinn standa átta til tíu daga áður en skinnin voru sett í löginn. Þar voru þau í það minnsta sex til átta daga en sumir tóku þau upp úr á milli og létu þau þorna áður en þau voru aftur sett í löginn. Þegar búíð var að þurrka skinnin voru þau stundum hengd upp í eldhúsi eða farið beint í að nota þau (sjá t.d. ÞÞ 949, bls. 1-2). Sumir settu brúnspón í sortulyngslöginn líkt og fram kemur hjá einum heimildarmanni Þjóðháttasafns karlmanni fæddum 1893 (ÞÞ 919, bls. 1).

Eirlitun þekktist við skinnalitun. Var eirinn oftast keyptur, en samkvæmt konu fæddri 1902 var eirinn „... mjög dýr ef hann var keyptur í búð og víða lítill möguleiki til þess að kaupa hann. En á fjörur ráku stundum plankar úr skipum sem eirnaðlar og eirplötur fengust úr.“ (ÞÞ 973, bls. 1). Fjallar Guðmundur Þorsteinsson líka um eirlitun og segir að fólk hafi almennt haldið utan um þann eir sem það átti vegna fátæktar og nýtni (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 34).

Eirlitun fór fram á tvo vegu líkt og sortulitun. Í fyrsta lagi var keyta sett í ílát, eirstykki þar úti og látið standa nokkra daga. Voru eirstykkinn tekin reglulega upp úr og látin hanga yfir ílátið smá stund til að spansgræna kæmi á plöturnar. Við hina aðferðina var skinnið sem lita átti bleytt í keytu og eirinn sorfínn í holdrosa þess með þjöl eða raspi (ÞÞ 1719, bls. 1). Eftir litun voru skinnin lögð saman og geymd í tvo sólarhringa, síðan breidd á rá og látin þorna. Voru þau svo geymd ýmist í útihúsum eða eldhúsi (sjá t.d. ÞÞ 987, bls. 4 og ÞÞ 991, bls. 2-3).

Hellulitun fór þannig fram að hella var keypt í smástykkjum og þegar lita átti voru nokkur stykki látin í pott með vatni. Lögurinn var látinn sjóða í 2-4 klukkustundir og á meðan var hrært stöðugt í svo stykkinn brynnu ekki við botninn. Eftir það var

lögurinn látinn kólna, skinnin lögð út í og látin liggja í einn til þrjá sólarhringa, en það virðist hafa verið mismunandi eftir heimilum. Öðru hvoru var ýtt við skinnunum til að þau lituðust jafnt, en í lokin voru þau tekin upp og þurrkuð á rá í eldhúsi eða útihúsi (sjá t.d. ÞÞ 1039, bls. 1). Hellulitur var líka notaður við litun vaðmáls og samkvæmt karlmanni fæddum 1884 var skæðaskinn stundum sett út í „eftirlit“ frá vaðmálslitun til að nýta litinn (ÞÞ 1000, bls. 2).

Jafnframt var blásteinn notaður við skinnalitun og þóttu blásteinslituð skinn sérstaklega góð, þau voru talin endast betur og fúna síður. Samkvæmt Jóhannesi Jónssyni þótti blásteinslitun verja skó vel fyrir bleytu auk þess sem blásteinslitaðir skór tognuðu og skekktust síður en aðrir skór (Jóhannes Jónsson, 1978, bls. 24). Liturinn var keyptur og mulinn niður með hamri eins smátt og hægt var fyrir notkun. Hellt var sjóðandi vatni á hann og hrært í þar til blásteinninn hafði samlagast, en stundum var blásteinninn bleyttur upp í vatni í flösku. Skinnið var síðan sett úti þegar lögurinn var orðinn kaldur og látið liggja tvo til þrjá sólarhringa. Var það síðan tekið upp og þurrkað (sjá t.d. ÞÞ 1000, bls. 2 og ÞÞ 979, bls. 4). Þegar lögurinn var í flösku var leginum hellt í holdrosann varlega svo ekki rynni út af, síðan var skinnið nuddað til að fá litinn inn í það. Skinnið var því næst lagt tvöfalt, brotið saman og látið bíða í 2 sólarhringa. Eftir það var skinnið breitt út eða spýtt og þurrkað líkt og í hinni aðferðinni (sjá t.d. ÞÞ 7225, bls. 1). Í nokkrum svörum við spurningaskrá Þjóðháttasafns, meðal annars í svári karlmanns sem fæddur var 1895, var sagt frá að kindagall hefði verið látið í litinn svo hann festist betur í skinninu (ÞÞ 949, bls. 2).

Eltung tíðkaðist við vinnslu skinna á mörgum heimilum og var skinn oft elt án þess að það væri litað. Elting fór til dæmis þannig fram samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1915, að blaut skinn voru hengd út í norðanvind þannig að skinnin börðust við staura eða annað, auk þess sem menn eltu skinn milli handa sinna (ÞÞ 1015, bls. 4). Sumir eltu það á rúmstólpum sínum með því að draga skinnin fram og aftur (ÞÞ 1039, bls. 3). Voru skinn talin geta orðið ágætlega hvít með þessum aðferðum en þó ekki jafn hvít og mjúk eins og með álúnseltu. Við álúnseltu var blöndu af álúnsdufti og fínu salti stráð í holdrosann á skinum og þau síðan breidd á sléttan flöt. Hárramurinn var þá látinn snúa niður og skinnin látin liggja í marga daga, síðan var skinnið þurrkað, næst elt í brák eða þá að fólk elti það á milli handanna (ÞÞ 1082, bls. 2). Brák var:



... skeifulaga hrútshorn sem var þynnt nokkuð og gerðar margar skorur, sýlingar ofan í skeifuna. Sterkt snæri var sett í báða enda skeifunnar og hún svo bundin við sperru eða skástýfu í baðstofunni. Bjórinn var svo dreginn fram og aftur um skeifuna og varð fljótt mjúkur. (ÞÞ 928, bls. 4).

Skinn voru líkt og áður hefur komið fram reykt í eldhúsum, þó í mislangan tíma. Til dæmis er sagt frá því að skinn hafi verið reykt í um 2 til 3 vikur á meðan aðrir tala um heilt ár (ÞÞ 970, bls. 4 og ÞÞ 7232, bls. 3). Voru skinnin tekin þegar þau voru orðin þurr og brotin saman eftir hryggnum, þá voru þau sett saman í kippu og hengd upp, stundum á þverslá undir rjáfri. Eftir að skinnin voru orðin brúnleit voru þau tekin niður og sett í geymslu. Voru skinnin reykt til að auka endingu þeirra, auk þess sem þau þóttu fallegri en óreykt. Jafnframt þótti mörgum reyking gera skinn betri í bleytu og þau molnuðu síður (sjá t.d. ÞÞ 991, bls. 6-7).

Þegar búið var að lita og meðhöndla skinn að vild og þau orðin þurr voru skinnin vafin saman í stranga og bundið utan um þau. Síðan voru skinnin geymd á skemmuloftum, hjallloftum eða öðrum þurrum stöðum þar til þau voru notuð við skógerð (ÞÞ 999, bls. 3).

Að rota skinn var aðferð sem þekktist við skinnaverkun, en þá voru gærur bleyttar með keytu og síðan hengdar upp, stundum í fjósi. Gærurnar voru síðan látnar úldna þar til ullin var laus á þeim en það tók um viku. Þegar þetta var gert mátti ekki geyma skinnin of lengi þá eyðilögðust þau. Rotun var notuð sumstaðar þegar vanda átti skógerð, því notuð skinn þóttu sterkari en rökuð (ÞÞ 1410, bls. 2-3).

### 3.1.2 Efnisval

Efnisval fyrir skógerð gat verið ýmiskonar og fór yfirleitt eftir því hvað var til og í boði á hverjum stað. Algengast virðist hafa verið að nota sauðskinn í skó fyrir konur og börn. Þóttu skinn af fullorðnum sauðum endast nokkuð vel en lambsbjórar þóttu lélegastir og voru þeir því notaðir í skó á krakka og kvenfólk Samkvæmt heimildarmönnum Þjóðháttasafns voru spariskór líka yfirleitt úr sauðskinni (sjá t.d. ÞÞ 925, bls. 5 og ÞÞ 7229, bls. 10). Er þetta í samræmi við það sem fram kemur hjá Guðmundi Þorsteinssyni um að þynnri skinn hafi verið notuð í skó fyrir konur og börn, auk spariskóa fyrir karlmenn (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 34). Einungis einn heimildarmaður Þjóðháttasafns, karlmaður fæddur 1887, sagði frá því að hrútsþungar hefðu verið notaðir í barnaskó og því má draga þá ályktun að sá efniviður hafi varla þekkt (ÞÞ 917, bls. 4).

Leður var oft notað í skó sem mikið reyndi á, sérstaklega fyrir karlmenn. Þetta átti t.d. við um gönguskó og voru þeir úr hross-, nauts- eða kýrhúðum sem höfðu verið rakaðar. Sjóskór voru yfirleitt úr sítuðu leðri, stundum úr gömlum hnökkum (ÞP 932, bls. 16). Einnig kemur fram hjá Lúðvík Kristjánssyni að erlent, þykkt, sítað leður hafi verið notað í sjóskó, auk gamalla stígvéla frá Frökkum og slitinna hnakka (Lúðvík Kristjánsson, 1983, bls. 54). Voru leðurskór taldir endast betur en sauðskinnskór, líkt og áður hefur komið fram, en nautsleður var best, næst komu kýrhúðir en hrosshúðir voru taldar lakastar af leðrinu (ÞP 918, bls. 15).

Sumstaðar voru selskinn notuð við skógerð en skórnir þóttu sérstaklega hentugir í vetrarferðum því þeir frusu ekki, auk þess sem þeir þóttu endast betur en sauðskinnskór. Þeir héldu jafnframt raka betur frá fótum (Sigrún Helgadóttir, Þorgerður Hlökkversdóttir, Herdís Pétursdóttir og Heiður Vigfúsdóttir, 2006, bls. 30). Einnig þekktist að gerðir væru spariskór úr selskinni og þá sérstaklega fyrir karla (ÞP 973, bls. 14). Skinnin voru ýmist órökuð eða hárin skafin af þeim með glerbrotum eða rökuð á vissum stöðum eins og undan vörpunum og holilinni. Þóttu skinn af gömlum sel sterkari en af ungsel (Sigrún Helgadóttir o.fl., 2006, bls. 30).

Gerðir voru skór úr hákarlsskráp, en áður hafði skrápurinn verið spýttur og eða hertur. Gaddarnir voru teknir af honum og þá ýmist rifnir eða barðir niður með hamri. Þeir voru þó ekki teknir af botni skæðanna því það þótti draga úr endingu þeirra samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1887 (ÞP 917, bls. 9). Skrápskór þóttu sérstaklega góðir í frosti því þeir frusu ekki og þeir þóttu líka góðir í hálfu auk þess að vera léttir og liprir (sjá t.d. ÞP 1719, bls. 6 og ÞP 1001, bls. 3).

Roð var notað við skógerð sérstaklega steinbítroð, en samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1893, þóttu roð af harðsteinbíti mun betri en af saltsteinbít. Eins þótti roð af framhluta fisks betra en af afturhluta hans (ÞP 1719, bls. 6). En framhluti roðs var samkvæmt Agli Ólafssyni notaður í skó fyrir fullorðna, en skór á börn og unglunga voru gerðir úr aftari hlutanum (Egill Ólafsson, 1971, bls. 4). Einnig notuðu sumir sköturoð við skógerð en það var að flestra mati frekar lélegt (ÞP 917, bls. 8). Skór úr steinbítroði þóttu sérstaklega léttir og hentugir til notkunar á veturnum, því þeir frusu aldrei að fótum og minna vatn fór í gegnum þá heldur en skó úr sauðskinni. Roðskór entust hinsvegar frekar illa (sjá t.d. ÞP 930, bls. 14). Auk þess þekktist að nota hlýraroð í skógerð og grásleppuhveljur voru líka notaðar samkvæmt Jóhannesi Jónssyni en þá í sárustu neyð (Jóhannes Jónsson, 1978, bls. 25).

Loks þekktist að hundsskinn væru notuð við skógerð í algerri neyð samkvæmt Guðmundi Þorsteinssyni, en hann þekkti dæmi um að fátækt fólk hefði þurft að gera skó úr því vegna skorts á öðru skinni (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 37).

Efnisval í bryddingar á skó var mismunandi og í flestum tilvikum virðist hafa verið notað það sem til féll á hverjum stað (sjá t.d. ÞP 7258, bls. 3). Notað var lélegt skinn og þá helst þunnt. Var það í mörgum tilvikum ekki rakað heldur rotað, en fram kemur hjá Guðmundi Þorsteinssyni að það hafi aðallega verið gert til að skinnin væru gljáandi og slétt (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 35). Til dæmis má nefna að skinn af kviðum, útnárum og síðum þótti gott í bryddingar. Einnig virðist hafa verið algengt að nota lambskinn, þá jafnvel af haustlömbum sem komu seint að og þurfti að lóga. Var bryddingaskinn jafnan elt, en ekki litað (sjá t.d. ÞP 915, bls. 2). Samhliða skinni var oft notað léreft í bryddingar, en mismunandi var hvort það var notað vegna fátæktar eða einfaldlega vegna þess að auðvelt var að nálgast það og þótti jafnframt sumstaðar fallegt í bryddingar (ÞP 929, bls. 2). Ekki voru þó allir skór bryddaðir því sumir grófir skór og jafnvel leðurskór voru ekki bryddaðir heldur snúraðir. Nánar verður fjallað um snúrun skóa í kafla 3.1.3 um gerð og saumskap.

Í þvengi var notað ýmiskonar skinn og segja margir heimildarmenn Þjóðháttasafns frá því að þvengir hafi verið úr rotuðum skinum, svonefndum faribjörum eða fariskinum, skinn af sjálf dauðum ám, því þau þóttu seigari og sterkari en rökuð skinn. Mikilvægt þótti að þvengjaskinn væri þunnt, seigt og sterkt. Því var oft notast við skinn af rýrum ám og jafnvel gömlum (sjá t.d. ÞP 7215, bls. 2-3). Í því samhengi þótti sumum vorskinn betri en haustskinn og samræmist það lýsingum Guðmundar Þorsteinssonar en hann segir vorbjóra aðallega hafa verið notaða í þvengi (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 35). Fyrir kom að eltiskinn væri notað í þvengi, auk þess sem útnárar, álsroð, hundsskinn og aflögð skinnklæði voru nýtt í einhverjum tilvikum (sjá t.d. ÞP 1124, bls. 6).

Fernskonar saumþráður eða seymi tíðkaðist héraendis í byrjun 20. aldar, en seymi var saumþráður gerður úr sinum skepna. Í fyrsta lagi virðist hafa verið algengt að taka seymi af hrygg stórgripa á blóðvelli, til dæmis úr hrossum og nautgripum (ÞP 951, bls. 4). Að auki var hvalseymi mikið notað þar sem menn gátu nálgast það, til dæmis nærri hvalstöðum. Það þótti mjög sterkt (ÞP 991, bls. 10). Önnur tegund skóþráðar var úr togi vel spunninn og hnökralaus. Þriðja tegundin var þvengir úr fariskinni og jafnvel hundsskinnum samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1889 (ÞP 951, bls. 4). Í fjórða lagi var útlent seglgarn og hörtvinni sem fólk keypti (ÞP 951, bls.

4). Af þessum fjórum tegundum þótti seymi best og sterkast, en garn og skinnþvengir lakara.

### 3.1.3 Gerð og saumaskapur

Gerð og saumaskapur skæðanna var að mestu leyti í höndum húsmæðra eða þjónusta. Karlar ristur skinn í lengjur, en konur sníðu yfirleitt sauðskinnskæði og húsbændur leðurskæði. Konur sáu yfirleitt um að gera skóna, nema í einstaka tilvikum þegar karlar gerðu skó og þá helst þegar gera þurfti þykka leðurskó (ÞÞ 1410, bls. 7). Karlar brýndu jafnframt stundum skónalar fyrir konur en virðast að öðru leyti lítið hafa komið nálægt skógerð (ÞÞ 915, bls. 5).

Samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1918, þótti gott ef náðist að gera sauðskinnskó á klukkutíma en leðurskó á tveimur tímum. Þetta sýnir glögglega hve langan tíma skógerð gat tekið þegar heimili voru mannmörg (ÞÞ 1001, bls. 7). Þjónustur sáu síðan um að skór manna væru í lagi og urðu þær stundum að vaka fram á nætur til að bæta skó (ÞÞ 1059, bls. 10).

Áður en byrjað var að sníða voru skæði yfirleitt lögð í bleyti til að mýkja þau upp en gæta varð þess að bleyta þau ekki of mikið svo þau héldu lagi, stundum voru skæði þó ekki bleytt fyrir en þau voru saumuð. Oft var sniðið á bekk í eldhúsi og jafnvel inni á palli eða stöðum á heimilum sem þóttu henta. Þegar skinn var rist í skó var það rist í lengjur, en hryggjarlengjur voru ristar í skó fyrir karlmenn eða aðra sem unnu púlvinnu eða voru mikið á ferðinni, þær voru þykkasti hluti skinnsins og þóttu endast best. Síðan var haldið áfram að sníða úr skinninu eftir því við hvað fólk vann, en útnárar og skækjar voru notuð í bætur eða skó fyrir krakka, því það voru lélegustu hlutar skinnsins (sjá t.d. ÞÞ 990, bls. 6-7). Fór það svo eftir stærð skæða og skinna hve mörg skæði fengust úr hverju skinni. Breidd skæðis handa karlmanni átti að vera um 6 til 7 þumlungar en lengd um 12 til 13 þumlungar, fyrir kvenmenn var sniðið eilítið minna (ÞÞ 999, bls. 4). Mjókkkuðu því lengjurnar alltaf þegar þær voru teknar lengra út frá hrygglangjunni eftir aldri heimilisfólks. Karlmaður fæddur 1889 sagði frá annarri aðferð svohljóðandi:

Annað mál var líka til og oftast notað, enda óskekult ef leita þurfti vitneskju um nákvæma lengd skæða, en það var að láta þann sem skæðin átti að nota leggja lófana á skæðin, og láta þumalfingurna útrétta nema saman, þá fékkst rétt lengd skæðisins. (ÞÞ 951, bls. 5).

Einnig var spönn og fingurhæð notuð til að mæla hæfilega lengd í skó fyrir karlmenn, en spönn og hálf fingurhæð í meðalstóra skó. Var breidd þá ákveðin með sjónhendingu eða stuttspönn. Sniðið var þannig að skórnir mjókkuðu aftur á hæl og skarð var skorið í hælinn til að gera sauminn þar beinan. Áður en skór voru saumaðir var oft skorið undan brúnum til að hafa þær sem jafnastar svo hægt væri að sauma saman og verpa skóna (sjá t.d. ÞP 915, bls. 3-4).

Í saumaskap voru leður- og sauðskinnskór yfirleitt gerðir í grunnatriðum á sama hátt. Skorið var vel undan jöðrum skæða áður en skórnir voru saumaðir. Skæði var brotið saman á langveginn og byrjað á að sauma hæl- og tásaum. Algengt var að nota margfaldan togþráð, seglgarn og í seinni tíð hör, en oft var ullarspotti settur í byrjunarhnútinn (sjá t.d. ÞP 915, bls. 5). Eftirfarandi frásögn um saumaskap er frá konu fæddri 1902:

... fyrsta nálsporið var tekið í gegnum báða jaðrana og byrjað varpmegin og saumað að broti eftir að fyrsta nálsporið var stungið í jaðrana á víxl, en þetta þótti lélegur saumur og sveik ef á reyndi. Betra var að skera vel undan jöðrum skæðisins og sauma með aftursting, hann sveik aldrei. (ÞP 973, bls. 12).

Sérstakur skósaumur var oft notaður á hæla, en hann var gerður þannig að það „... var þrætt á jaðrana á víxl svo að þeir mættust og þar með varð saumurinn fyrirferðarlítill, er þótti betur henta á hælum til þess að forða því að hann nuddaði eða særði fótinn ...“ (ÞP 1212, bls. 25). Skósaumur tíðkaðist líka á tásaum á leðurskóm því efnið var oft mjög þykkt (ÞP 7225, bls. 13).

Næst var skórinn verptur svo hann félli vel að fæti og til þess notað sama efni og í sauminn, þó misþykkt eftir því úr hverju skæðin voru. Einnig var algengt að nota þvengi í vörp. Jafnframt þekktist að hælsaumur væri ekki gerður fyrr en búið var að verpa svo auðvelt væri að laga varpið. Þegar byrjað var að verpa var stundum gerður hnútur eða lykkja á enda þráðarins. Nálinni var síðan stungið holdrosamegin í jaðarinn og út um hann allan skóinn að hælum, var þá hægt að toga verpinguna til ef þörf var á. Yfirleitt var mest verpt yfir tána, minna á hliðum og ekkert á hælum. Verping var líka ólík eftir því á hvorn fótinn skór voru ætlaðir því meira var dregið í varpið utanfótar (sjá t.d. ÞP 1719, bls. 4-5).

Verping með þvengjum var öðruvísi, en hún var aðallega notuð við gerð leðurskóa. Ekki voru settir þvengir í alla skó, sérstaklega ekki nýja skó, heldur voru skór

oft þvengjaðir þegar þeir voru orðnir útjaskaðir og teygðir. Var það gert svo hægt væri að nota þá lengur. Tvennskonar þvengir tíðkuðust, hæl- og ristarþvengir, en þvengir kölluðust líka bönd (ÞÞ 7260, bls. 4). Hælþvengir voru algengir í barnaskóm en þeir voru dregnir í gegnum hælinn á skóm við varpið sitthvoru megin við hælinn. Þegar þvengir voru notaðir voru þeir víxllagðir aftan á hælnum, síðan vafið utan um fótlegginn og endar bundnir saman. Ristarþvengir voru notaðir í skó sem mikilvægt var að héldust á réttum stað á fótum til dæmis bjarg-, göngu- og fjallaskó. Ristarþvengir voru gerðir þannig að þvengjanál var stungið inn í skóna í göt sitthvoru megin framan á skónum og út úr aðeins aftar þar sem bundið var yfir. Einnig voru ristarþvengir gerðir þannig að þvengurinn lá yfir miðja rist og var síðan þræddur meðfram varpinu og aftur fyrir ökkla í kross þar sem bundið var yfir fótlegginn (sjá t.d. ÞÞ 952, bls. 5).

Ef brydda átti skó var það gert eftir verpingu, en spariskór voru yfirleitt alltaf bryddaðir, líkt og kemur fram hjá Guðmundi Þorsteinssyni sem segir að viðhafnarskór hafi alltaf verið bryddaðir (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 34). Stundum voru hversdagsskór líka bryddaðir, jafnframt voru sauðskinnskór frekar bryddaðir en leðurskór. Er það í samræmi við það sem fram kemur hjá Krístrúnu Matthíasdóttur en hún segir að sauðskinnskór hafði yfirleitt verið bryddir en leðurskór snúraðir (Krístrún Matthíasdóttir, 1992, bls. 19). Algengast var að bryddaðir skór væru ekki með þvengjum því brydding átti að halda skóm á fæti.

Áður en hafist var handa við að brydda þurfti sá sem átti að fá skóna að máta þá til að athuga hvernig þeir féllu að fæti. Skórnir máttu hvorki vera of þröngir né víðir, en ef skórnir féllu vel var byrjað að brydda. Yfirleitt var þess gætt að brydding væri ekki of breið og virðist hún yfirleitt hafa verið 1,5 til 3 cm. Byrjað var að brydda á hælnum en þá var tilsniðin brydding lögð að varpinu og efri jaðar hennar varpaður, kastaður eða saumaður við með aftursting. Skónum var síðan snúið við og bryddingin lögð niður að innanverðu neðan við varpið. Í lokin var endinn lagður yfir þar sem byrjað var. Brydding átti að liggja slétt á skónum og mátti hún ekki hrukkast því þá þurfti að taka hana upp (sjá t.d. ÞÞ 1124, bls. 18-19).

Líkt og áður hefur komið fram var fátítt að leðurskór væru bryddaðir, þeir voru frekar snúraðir með seglgarni, snæri, 1-3 punda línu eða öðru sterku garni. Snúrun var gerð þannig að eftir verpingu var garnið lagt með varpinu og kastað á. Átti þetta að hjálpa skónum að halda lögun sinni og varpið átti síður að slitna (sjá t.d. ÞÞ 964, bls. 9).

Stundum voru skæði aukin en þá var flípi, svonefndur hælauki, settur aftan á hælinn. Nefnir einn heimildarmaður Þjóðháttasafns, karlmaður fæddur 1893, að það hafi

þótt merki um skort, en annars staðar þótti þetta eðlilegt og samkvæmt karlmanni fæddum 1928 lánsmerki fyrir eigandann (ÞP 1719, bls. 8 og ÞP 1410, bls. 5).

Roðskór voru gerðir á eilítið frábrugðinn hátt, byrjað var á því að bleyta upp roðið, en samkvæmt Jóhönnu Kristjánsdóttur átti að leggja það í kalt vatn í örstutta stund því ekki þótti gott ef roðið var mjög blautt (Jóhanna Kristjánsdóttir, 1971, bls. 6). Roðið var síðan sett undir farg og látið jafna sig í nokkrar mínútur, en síðan var það teygt til. Loks var roðið sniðið ef þess þurfti. Stundum voru gerðir tásaumar en hælsumum var yfirleitt sleppt nema þegar lítið efni var til í skæði. Samkvæmt Agli Ólafssyni var það kallað að neyma skó (Egill Ólafsson, 1971, bls. 5). Roðskór voru síðan yfirleitt verptir með þveng allt í kring, en þá þurfti að gæta þess að taka djúpt í jaðrana (sjá t.d. ÞP 993, bls. 16-17).

Skrápskór voru gerðir eins og skinnskór, nema þeir voru ekki bryddaðir heldur snúraðir með snæri eins og leðurskór (ÞP 917, bls. 9).

## 3.2 Áhöld í skógerð

Ýmis áhöld voru notuð við skógerð. Í fyrsta lagi voru skæði sniðin með beittum hnífum, til dæmis búrhnífum eða öðrum hnífum sem egginn mátti skemmast á (sjá t.d. ÞP 7217, bls. 3). Skæri voru líka stundum notuð, þá á þynnri efni eins og sauðskinn. Sjaldan virðast reglustikur eða réttскеiðar hafa verið notaðar heldur yfirleitt sniðið eftir auganu (sjá t.d. ÞP 7229, bls 4).

Ýmsar nálur voru notaðar við skógerð og voru þær ýmist heimasmiðaðar, fengnar hjá sérstökum nálasmiðum eða keyptar í verslun. Þrjár tegundir af nálum voru aðallega notaðar, í fyrsta lagi þrístrendar fjaðra/fálkanálar sem notaðar voru við að sauma saumana. Fjaðranálar voru yfirleitt innfluttar og keyptar í verslun. Þær voru um tveggja þumlunga langar, þrístrendar frá oddi að miðju, sívalar að ofan með beittum oddi. Í öðru lagi voru skó- eða varpanálar en með þeim var verpt, stundum saumað og bryddingar saumaðar. Voru þær tvíeggja, um tveggja þumlunga langar og var fjöðrin um helmingur lengdar en gat þó verið nokkuð styttri. Fyrir ofan fjöðrina var nálin flöt og eilítið breiðari um augað. Nálarnar voru misjafnlega breiðar eftir því hvað átti að nota þær. Ef verpa átti með þeim voru þær breiðari en þegar sauma átti með þeim. Í þriðja lagi voru notaðar íslenskar þvengjanálar, þær voru mikið stærri en hinar og notaðar til að þvengja skó. Líkt og fjaðranálar voru þær tvíeggja, mjókkuðu aftan við fjaðrinar og gildnuðu svo aftur með beittan odd (sjá t.d. ÞP 976, bls. 8-9). Brýni var notað til að brýna skónálar þegar bit á þeim minnkaði (ÞP 919, bls. 7).

Fingurbjargir voru notaðar við skógerð, en hægt var að kaupa þær í verslun úr járn eða stáli. Heimagerðar fingurbjargir tíðkuðust líka og leðurhólkar sem smeygt var upp á fingur. Jafnframt voru til fingurbjargir úr beini, tré, silfri og horni, en þær úr beini og tré eru taldar hafa verið íslenskar auk þeirra úr nýsilfri (sjá t.d. ÞP 1071, bls. 8-9). Handbjargir virðast jafnframt hafa þekkt við skógerð, en þær voru gerðar úr málmplötum, beini eða tönnum sem fest var á leðurpjötlum sem bundin var yfir hendi (ÞP 1015, bls. 11).

Þegar unnið var með leður voru stundum notaðar leggjatangir, sem voru tveir framfótleggir af kind sem höfðu verið slípaðir og festir saman á öðrum endanum. Voru þær notaðar til að draga nál í gegn ef illa gekk að stinga í leður, tönginni var brugðið um nálina og síðan gripið um endana á tönginni, þá klemmdist nálin og var hún svo dregin í gegn (ÞP 925, bls. 8).

Skóstílar eða bandprjónar voru sumstaðar notaðir við skógerð, en þeir virðast ekki hafa verið mjög algengir. Með þeim voru þvengir dregnir í vörp og þeir voru líka til að draga nothæfa þvengi af varpslitnum skóm (ÞP 990, bls. 21). Sílar voru síðan notaðir til að gera göt fyrir þvengi þegar leðurskór voru saumaðir (ÞP 1006, bls. 17). Konur voru alltaf með svuntu á hnjúnum til að hlífa fötum sínum í skógerð (ÞP 7229, bls. 7).

### 3.3 Umhirða og geymsla

Hugsa varð vel um skóna svo þeir entust sem lengst og voru ýmsar aðferðir til þess. Á mörgum bæjum voru til dæmis skóþurrkur, það voru mottur eða pokar úr striga eða gömlum fötum sem menn lögðu við dyr sínar til að þurrka af skóm. Einnig voru sumstaðar notuð strigastykki til að þurrka af skóm, til að ná af þeim sem mestum óhreinindum (sjá t.d. ÞP 1015, bls. 21).

Skór voru geymdir á ýmsa vegu og fór geymslustaður eftir því hvaða tilgangi skórnir þjónuðu. Geymsla hversdagsskóa virðist hafa verið mismunandi eftir aðstæðum og plássi á hverju heimili, en þjónustur sáu stundum um geymslu á skóm sinna þjónustumanna (ÞP 1071, bls. 16). Sumstaðar voru hversdagsskór eða inniskór geymdir undir rúmi og áttu þá tærnar yfirleitt að vísa fram á gólf. Annars staðar voru hversdagsskór til dæmis geymdir frammi í bæjardyrum eða í hlóðaeldhúsi, þá jafnvel hengdir upp á snaga. Inniskór barna voru stundum hengdir í rúmstöpla ef þeir voru með þvengi. Ónotaðir skór voru geymdir á afviknum stöðum til dæmis í göngum og eldhúskrókum, bundnir saman á þvengjum. Spariskór voru aftur á móti geymdir á



þurrum stöðum, til dæmis á stofu- eða bæjardyrarlofti. Þeir voru þá í fatakestum, hirslum eða koffortum (sjá t.d. ÞÞ 930, bls. 18 og ÞÞ 7258, bls. 12).

Samkvæmt einum heimildarmanni Þjóðháttasafns, konu fæddri 1904, tróðu sumir einhverju mjúku í skóna svo þeir héldu lagi sínu (ÞÞ 1210, bls. 16). Annar heimildarmaður Þjóðháttasafns, karlmaður fæddur 1892, sagði frá því að jafnframt hafi stundum blaut tuska verið vafin utan um skóna til að fyrirbyggja ofhörðun og á veturna var stundum vafið utan um þá svo þeir frysju ekki (ÞÞ 1009, bls. 15). Í miklum þurrkum var stundum gripið til þess ráðs að láta harða leðurskór liggja í vatni yfir nótt svo auðvelt væri að klæðast þeim að morgni. Stundum þurfti líka að geyma skóna í rúmum vegna frosts svo hægt væri að klæðast þeim daginn eftir (sjá t.d. ÞÞ 951, bls. 12).

Skórnir eyddust og slitnuðu frekar hratt þó misjafnlega hratt eftir því hvaða efni var notað í þá. Var því stundum gripið til þess ráðs að bæta gamla skó ef vörp voru í lagi svo hægt væri að nota þá áfram í stað þess að taka nýja í notkun. Einn heimildarmaður Þjóðháttasafns, kona fædd 1903, segir frá eftirfarandi aðferðum:

Ég man eftir að minnsta kosti tveimur aðferðum við að bæta skó. Maður snéri skónum alltaf við og bætti á úthverfunni. Sumir lögðu bara bótina fyrir gatið og köstuðu hana á. En sumir klipptu það lélegasta frá gatinu og sniðu svo bót sem stemmdi, og köstuðu svo brúnirnar saman. (ÞÞ 7230, bls. 10).

Líkt og áður hefur komið fram gripu sumir til þess ráðs að ganga í tvennum skóm þannig að gömlu skórnir voru settir utan yfir nýja. Hlífðu þeir þá nýju skónum þó þeir gömlu héldu ekki bleytu.

Þegar skór voru bættir fór það eftir því úr hverju þeir voru og hve stórt gatið var hvernig gert var við þá. Skóbætur voru sniðnar upp úr gömlum skóm samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1908 (ÞÞ 1040, bls. 11). Auk þess voru skæklar, nárar, hémingar og fleira sem sneitt hafði verið af skinni notaðir í bætur. Skóbótum var safnað og þær geymdar saman, til dæmis í stöflum, skrínum eða kistum, en sumir geymdu þær saman á þveng og hengdu upp. Bæturnar voru stundum bleyttar upp áður en nota átti þær, svo auðveldara væri að vinna þær (sjá t.d. ÞÞ 7229, bls. 12).

Þegar sauðskinnskór voru bættir var skónum snúið við og bótin vörpuð eða köstuð við að innanverðu yfir gatið. Bótin var þá ýmist saumuð allt í kring eða fest á nokkrum stöðum, en það kallaðist að næla skó (ÞÞ 964, bls. 10). Gæta varð þess að stinga ekki gegnum skinnið heldur bara í holdrosann og var notað til dæmis seglgarn,

togbráður eða lín við það. Erfitt gat verið að bæta leðurskó þar sem nær ómögulegt var að snúa þeim við og gera úthverfa. Bótin var þá stundum klippt til og henni stungið inn í skóinn, en nálinni var stungið inn og út úr skónum til skiptis við bætinguna. Voru þá skinnþvengir notaðir til að festa bótina, en þeir voru þræddir í gegnum skó og skóbót á jöðrum bótarinnar (sjá t.d. ÞP 987, bls. 22). Samkvæmt karlmanni fæddum 1883 virðast sjóskór úr sítuðu leðri hafa verið einu skórnir sem bættir voru með blýi. Bæturnar voru þá festar á nokkrum stöðum með hnoðuðum blýnögglum á báða vegu (ÞP 970, bls. 13). Roð-, skráp- og hveljuskór voru aldrei bættir. En samkvæmt einum heimildarmanni Þjóðháttasafns, karlmanni fæddum 1881, kom það fyrir ef lítið gat kom á roðskó að menn leggðu roðbót yfir. Þegar gatið var orðið það stórt að bótin datt úr var skónum hent (ÞP 930, bls. 17).

Að kjala skó þekktist jafnframt sumstaðar en samkvæmt Þórði Tómassyni fól það í sér að gjörnýta gamla skó, sem voru ýmist gatslitnir eða alveg að verða það á botninum en með óslitið yfirleður. Skónum var þá snúið við og yfirleðrið notað sem botn en nýtt skóop gert yfir það sem áður hafði verið botn. Vörpum var sprett upp, líka hæl- og tásaum, gamla opinu var svo lokað og ný vörp voru gerð (Þórður Tómasson, 1978, bls. 99-100).

Samkvæmt heimildarmanni Þjóðháttasafns, konu fæddri 1902, tóku sumar konur bætur, þvengi, nálar, fingurbjörg, hör, hnif og saumgarn með sér þegar farið var í ferðalög. Virðist það hafa farið eftir því hve langar leiðir átti að fara (ÞP 973, bls. 19). Jafnframt fóru karlmenn stundum með eitthvað til að geta bætt skó sína ef þess þyrfti á ferðalögum. Viðgerðirnar fóru þó aðallega fram heima, þrátt fyrir að fólk reyndi að vera viðbúið því að skór gæfu sig á miðri leið (sjá t.d. ÞP 1124, bls. 23).

### 3.4 Heiti á skóm

Afar fjölbreytt heiti voru notuð á skó og virðast þau að mestu hafa verið sambærileg milli landsvæða. Skór voru oft aðgreindir í leðurskó og sauðskinnskó, en jafnframt voru þeir nefndir eftir efninu sem þeir voru gerðir úr, samanber kúskinn-, kýrskinn-, hrossskinn-, kálfskinn-, selskinn-, skinn-, roð-, húðar-, skrápskinn-, skráp-, þynnku-, geitaskinn- og sauðskinnskór (sjá t.d. ÞP 908, bls. 12). Blöðrur voru skór úr lélegu skinni af lömbum eða gömlum ám (ÞP 925, bls. 11). Hemingar eða hemingaskór voru skór úr fótaskinni stórgripa fyrir neðan hné (ÞP 999, bls. 9).

Skór voru líka aðgreindir eftir því tilefni sem nota átti þá, til dæmis hversdags-, spari-, jóla-, fermingar-, hátíða-, ferða-, kaupstaða-, sunnudaga-, messu- og brúðarskór.

Kvöldskór voru bryddaðir skór sem menn notuðu inni eftir að þeir höfðu haft sokkaskipti þegar gegningum og annari útiveru var lokið. Kirkjuskór voru skór sem teknir voru með til kirkju og bara notaðir þar (sjá t.d. ÞÞ 1071, bls. 11). Burtfararskór voru skór sem fólk fékk þegar það fór úr vist (ÞÞ 981, bls. 17). Gangnaskór var sagt á Norðurlandi, en göngu- og fjallskór á Suðurlandi. Önnur nöfn tengd útiveru voru engja-, ver-, útvers-, leita-, smala-, bjarg- og afréttarskór (sjá t.d. ÞÞ 1124, bls. 15).

Þá voru skór nefndir eftir því hver átti að fá þá og talað um barna-, krakka-, kven- og karlmannsskór. Krakkaskór voru jafnframt nefndir fiður, en það voru skór úr lélegu skinni (ÞÞ 7215, bls.7).

### 3.5 Hjátrú

Nokkuð virðist hafa verið um almenna hjátrú hér á landi bæði hvað varðar skógerð og skónotkun. Margt af þessari hjátrú virðist hafa horfið þegar hætt var að nota og gera skóna og er það í samræmi við það sem fram kemur hjá Símoni Jóni Jóhannssyni í *Stóru hjátrúarbókinni*. Hann segir svo: „... hjátrúin hefur breyst með breyttu samfélagi og margt sem tengist starfsaðferðum og atvinnuháttum liðinnar tíðar hefur auðvitað horfið eða tekið breytingum en annað komið í staðinn.“ (Símon Jón Jóhannsson, 1999, bls. 6).

Fyrsta dæmið sem nefna má um hjátrú tengda skógerð er að því var haldið fram að mannsefni stúlku færi eftir fyrstu skónum sem hún gerði. Stúlkur virðast yfirleitt hafa verið um 8 til 12 ára þegar þær gerðu fyrst skó og hefur þetta eflaust átt að hvetja þær til að vanda sig við þá gerð (Símon Jón Jóhannsson, 1999, bls. 353 og ÞÞ 973, bls. 10). Svipað viðhorf kemur fram hjá heimildarmanni Þjóðháttasafns, konu fæddri 1901, en hún segir: „Hámark vankunnáttu var að geta ekki einu sinni gert á sig skó, og þótti óbjörgulegt ef giftingaraldur nálgadist.“ (ÞÞ 7401, bls. 7).

Önnur algeng hjátrú sem kom fram hjá heimildarmönnun Þjóðháttasafns í öllum landshlutum er að sængurkonur áttu alltaf að setja upp nýja skó þegar þær stigu fyrst á fætur eftir barnsburð (ÞÞ 924, bls. 20). Samkvæmt Jónasi Jónassyni átti sængurkonu að slá niður fengi hún ekki nýja skó (Jónas Jónasson, 1945, bls. 261-262). Einhver annar mátti ganga gömlu skóna þeirra út eða þá að þeir voru brenndir og þá jafnvel í sama eldi og fylgjan, samkvæmt konu frá Vestfjörðum fæddri 1902 (ÞÞ 973, bls. 18). Ekki voru allir heimildarmenn Þjóðháttasafns sammála um hver átti að gera þessa fyrstu skó eftir barnsburð. Kona fædd 1910 frá Blönduósi segir að bóndi sængurkonu hafi átt að gera skó fyrir hana, en önnur kona fædd 1885 segir að ljósmóðir hafi átt að gera það eða konan sjálf á sænginni (ÞÞ 7231, bls. 10 og ÞÞ 985, bls.15).

Almenn hjátrú virðist hafa verið að ekki mætti klæða sig bæði úr skó og sokk á öðrum fæti, áður en maður færi úr skónum á hinum fætinum, því þá klæddi fólk sig úr láninu. Að vísu var hægt að klæða sig aftur í lánið á sama hátt. Einn heimildarmaður Þjóðháttasafns, kona fædd 1889, segir að þetta hafi kallast að „... hengja smalann eða fjósamanninn.“ (ÞÞ 964, bls. 15). Jafnframt virðist sú hjátrú hafa verið algeng að þegar fólk fór úr skónum átti það að láta þá við rúmstokkinn með tærnar vísandi frá rúminu. Væru tærnar lánar vísa að rúmi gat það orðið til þess að viðkomandi yrði veikur næsta dag og kæmist ekki á fætur (ÞÞ 973, bls. 19-20).

Nokkrir heimildarmenn Þjóðháttasafns sögðu frá því að skór hafi ekki verið gerðir á sunnudögum og tengdu sumir það við að almennt frí hafi átt að vera frá skyldustörfum þá. Karlmaður fæddur 1884 segir svo frá: „Ekki var heillavænlegt að vinna að skógerð á sunnudögum. Jafnvel mátti rekja óhöpp eða slys í ferð eða við smölum til þessháttar verka.“ (ÞÞ 908, bls. 14). Ekki mátti heldur gera skó á helgum dögum því annars gátu þeir sem áttu skóna eða gerðu þá orðið fyrir einhverju slæmu (ÞÞ 973, bls. 8). Einnig var hjátrú um að ekki mætti gera skó á mánudögum, sérstaklega ekki ferða-, gangna- og sjóskó. Til dæmis segir kona fædd 1910 frá því að hún hafi heyrt að ef einhver notaði skó sem gerðir voru á mánudegi væri hann feigur (ÞÞ 7231, bls. 4). Karlmaður fæddur 1901 segir það hafa verið ógæfumerki eða slysaboð að gera skó handa sjómönnum á sunnudögum og mánudögum (ÞÞ 990, bls. 9). Samkvæmt Lúðvík Kristjánssyni þótti best að gera skó fyrir sjómenn á fimmtu- og föstudögum og ekki mátti nota skinn af skepnum sem drepist höfðu af slysförum (Lúðvík Kristjánsson, 1983, bls. 55).

Önnur hjátrú sem fram kom í svörum heimildarmanna Þjóðháttasafns en virðist ekki hafa verið almenn, var að ef skór voru lánir upp á borð boðaði það ósamlyndi á heimilinu. Þetta kemur fram hjá heimildarmönnum af Vestfjörðum (ÞÞ 993, bls. 22). Símon Jón Jóhannsson heldur því aftur á móti fram að sú hjátrú hafi verið einna algengasta hjátrúin um skó sem sýnir að ekki er hægt að alhæfa neitt í þessu sambandi (Símon Jón Jóhannsson, 1999, bls. 354).

Við saum á skóm þekktist sú hjátrú að ólánsmerki væri að nota svarta, mórauð eða gráa ull í hnút þegar byrjað var á varpi eða saum, þá myndi sá sem ætti skóna aldrei rata (Símon Jón Jóhannsson, 1999, bls. 353-354). Annað dæmi um hjátrú við skógerð sem þekktist bæði á Suður- og Austurlandi var við aukningu skæða: „Það var algengt að auka skæði og þótti það lánsmerki. Átti eigandinn að verða fyrir einhverju happi meðan hann átti auknu skóna.“ (ÞÞ 1410, bls. 5). Símon Jón Jóhannsson staðfestir tilvist

þessarar hjátrúar þar sem hann talar um að það hafi þótt gæfumerki að eignast aukna skó (Símon Jón Jóhannsson, 1999, bls. 354). Enn ein hjátrú sem karlmaður fæddur 1915 frá Austur-Skaftafellssýslu segir frá er að ef skæði var gallað þannig að húð var skorin í fláningu átti sá sem átti skóna að verða fyrir einhverju happi áður en þeim væri slitið (ÞÞ 1015, bls. 21).

Ýmis konar hjátrú hefur verið til staðar og þekkt um allt land svo eflaust væri hægt að bæta við þessa upptalningu. Virðast þó nokkur atriði hafa verið þekktust í hjátrúnni eins og að konur ættu að fá nýja skó þegar þær stigu af sænginni. Þó er ekki hægt að fullyrða um það, því kannski mundi fólk bara eftir hjátrúnni af því sagt var frá henni í sjálfri spurningaskránni.

## 4. Mismunur á skógerð eftir landshlutum

Ein þeirra rannsóknarspurninga sem lögð er til grundvallar í þessari ritgerð er munur á skógerð eftir landshlutum. Til að varpa ljósi á þetta var heimildarmönnun Þjóðháttasafns sem svöruðu spurningalista nr. 12 um skógerð skipt í hópa eftir þeim landshlutum sem þeir komu frá og svörin borin saman. Oft var tilgreint í svörum við skránni hvaðan heimildarmenn voru, en eftir lestur svara var yfirleitt hægt að finna hvaða landsvæði viðkomandi tilheyrði. Einnig voru notaðar heimildir úr ýmsum bókum og greinum sem fjalla um skógerð á einstökum svæðum til stuðnings.

Þannig var svörum frá heimildarmönnum Þjóðháttasafns skipt niður á 5 landsvæði, Vesturland, Vestfirði, Norðurland, Austurland og Suðurland. Vesturland telst hér allt frá Reykjanesi, Snæfellsnes og Dalir, Vestfirðir taka þar við og ná yfir Vestfjarðakjálkann og Strandir, Norðurland er frá Hrútafirði til Langaness, Austurland nær þaðan og að Höfn í Hornafirði og Suðurland lokar síðan hringnum frá Höfn til Þorlákshafnar. Þrátt fyrir að svæðin séu misstór var skiptingin ákveðin til að einfalda skiptingu heimildarmanna, til dæmis voru Vestfirðir aðgreindir frá Vestur- og Norðurlandi enda mátti telja nokkuð víst að þar hafi skógerð haft ýmis sérkenni.

Svör við spurningaskrá 12 sem notuð verða við greininguna eru samtals 52, en í þeim voru svör frá 54 einstaklingum. Þegar þeim var skipt niður eftir fyrrnefndum landsvæðum kom í ljós að fjöldi svara eftir landshlutum var ólíkur. Flest svör voru frá Norðurlandi eða 17, frá Suðurlandi voru 12 svör, 10 frá Austurlandi, 7 frá Vestfjörðum og að lokum 6 frá Vesturlandi. Hafa þarf í huga að karlar voru í meirihluta með 32 svör, en 22 svör voru frá konum. Velta má fyrir sér hvaða áhrif þetta kynjahlutfall hafi á svörin og hvort það getur á einhvern hátt skekkt myndina sem þau gefa af skógerð, því ljóst er að það var frekar hlutverk kvenna að gera skó en karla.

### 4.1 Munur milli landsvæða

Þegar rýnt er í heimildirnar kemur fram ýmiss munur og jafnframt líkindi milli landsvæða. Ekki var allt frábrugðið milli landsvæða og í aðalatriðum virðast sömu aðferðir hafa verið notaðar, eins og þeim var lýst hér að framan í kafla 3. Hér á eftir verður athyglinni hins vegar beint að því sem frábrugðið var og reynt að finna ástæður fyrir þeim mun. Nokkra fyrirvara þarf að hafa í huga, því þrátt fyrir að munur komi fram

er ekki er hægt að fullyrða um vissar aðferðir og efnisval við skógerðina, jafnvel þó svörunum beri öllum saman, því þau eru frekar fá á hverju landsvæði. Að auki komu ekki svör við öllum spurningum í spurningaskránni fram í öllum svörum og því ekki hægt að alhæfa í þeim tilvikum um aðferðir eða efnisval.

#### 4.1.1 Litun, elting og reyking

Sortulyngslitun var algeng í flestum landshlutum, til dæmis á Austurlandi og Vesturlandi þar sem hún var ein algengasta litunaraðferðin. Má eflaust útskýra vinsældir hennar með því hve ódýr liturinn var því fólk gat nálgast hann sjálft (sjá t.d. ÞP 1410, bls. 1 og ÞP 949, bls. 1). Suðurland og Norðurland skáru sig úr hvað varðar þess konar litun, því nokkrir úr þessum landshlutum svöruðu því að þeir þekktu ekki aðferðina. Væntanlega má rekja það til þess hve erfitt var að nálgast sortulyng víða þar, það óx einfaldlega ekki allsstaðar (sjá t.d. ÞP 908, bls. 2 og ÞP 925, bls. 2). Jafnframt virðist sortulyngslitun hafa verið fátíð á Vestfjörðum því af fjórum svörum frá því landsvæði um sortulyngslitun voru þrjár sem töldu hana ekki hafa verið algenga (sjá t.d. ÞP 930, bls. 2). Brúnsþóinn virðist líka hafa verið settur út í sortulyngs litunarlög á einstaka heimilum frekar en á einstökum svæðum, en hann virðist ekki hafa tíðkast mikið á neinu landsvæði (sjá t.d. ÞP 1410, bls. 1).

Á Suðurlandi og Vestfjörðum virðist eirlitun hafa verið algengust, þá meðal annars vegna þess að eirlituð skinn þóttu haldgóð (sjá t.d. ÞP 1719, bls. 1 og ÞP 908, bls. 3). Aftur á móti virðist eirlitun varla hafa þekkt á Austur-, Norður- og Vesturlandi þar sem fá svör voru frá fólki sem kannaðist við eða mundi eftir aðferðinni (sjá t.d. ÞP 945, bls. 2, ÞP 919, bls. 1 og ÞP 1082, bls. 2). Gera má ráð fyrir að það hafi verið vegna þess að eirinn var dýr ef þurfti að kaupa hann. Á Suðurlandi og Vestfjörðum hefur fólk kannski verið í betri aðstöðu til að nálgast hann sjálft, til dæmis af plönkum úr skipsflökum en notkun hans má eflaust líka rekja til þess hve lítill aðgangur var að sortulyngi til litunar (ÞP 973, bls. 1).

Hellulitun virðist hafa verið notuð á Vestfjörðum, en aðallega á sparískó á Vestur-, Norður- og Suðurlandi (sjá t.d. ÞP 930, bls. 2-3 og ÞP 981, bls. 4). Á Austurlandi virðist hún hins vegar ekki hafa tíðkast við skinnalitun heldur frekar við litun á voðum og bandi. Aðrar aðferðir virðast einfaldlega hafa verið algengari og helst virðist aðferðin hafa verið notuð við skinnalitun svo ekki þyrfti að henda leginum án þess að fullnýta hann (ÞP 985, bls. 2-3).

Blásteinslitun virðist hafa verið mjög algeng í öllum landshlutum, til dæmis á Suðurlandi virðist hún í mörgum tilvikum hafa verið eina aðferðin sem fólk mundi eftir að hefði verið notuð við litun skinna (sjá t.d. ÞP 936, bls. 1). Er það í samræmi við það sem fram kemur hjá Guðmundi Þorsteinssyni þar sem hann segist varla hafa þekkt aðra aðferð við skinnalitun en blásteinslitun (Guðmundur Þorsteinsson, 1990, bls. 34). Virðist blásteinslitun aðallega hafa verið notuð á seinni hluta þess tímabils sem skórnir voru gerðir og oft var talað um að hún hefði tekið við af annarskonar litun (ÞP 949, bls. 1).

Á Austur-, Suður-, Vestur-, og Norðurlandi virðist notkun álúnseltu frekar hafa farið eftir heimilum en landsvæðum því þar var notkun álúnselta ekki algeng en þó þekkt á sumum heimilum (sjá t.d. ÞP 7258, bls. 2). Aftur á móti virðist notkun álúnseltu á Vestfjörðum nánast hafa verið óþekkt því þau þrjú svör sem nefna álúnseltu segja frá því að skinn hafi ekki verið álúnselt (ÞP 930, bls. 3). Ekki virðast vera neinar beinar útskýringar á því af hverju aðferðin var óalgeng, fólk virðist bara hafa ákveðið að nota aðrar aðferðir við eltingu.

Að lokum virðist reyking skinna hafa þekkt í öllum landshlutum, þá vegna þess að hún þótti bæta endingu skinna og gera þau fegurri (sjá t.d. ÞP 936, bls. 2 og ÞP 919, bls. 2).

Á heildina litið virðist því val á litunaraðferðum hafa farið eftir því hvað fólk átti auðvelt með að nálgast og var hagkvæmast í notkun, til dæmis óx sortulyng ekki allsstaðar og þar varð fólk að nota aðrar litunaraðferðir. Auk þess er greinilegt að þó nokkur mismunur gat verið milli heimila þrátt fyrir að þau væru á sama landsvæði. Til dæmis fór álúnselta eftir því hvort fólk vildi nota þá aðferð en ekki hvort það var búsett á vissum landsvæðum.

#### 4.1.2 Efnisval

Þegar efnisval er skoðað kemur í ljós að allsstaðar á landinu var algengast að nota sauðskinn og leður í skó (sjá t.d. ÞP 1059, bls. 9). Selskinn voru líka notuð í skógerð en það fór eftir því hvort hægt væri að veiða sel eða nálgast skinn á hverju landsvæði fyrir sig. Til dæmis voru selskinnskór ekki algengir á Austurlandi, þó notkun þeirra þekktist (sjá t.d. ÞP 928, bls. 9). Kona fædd árið 1910 frá Vestmannaeyjum segir skemmtilega frá því hve selskinnið þótti eftirsóknarvert: „Það var rétt hending ef hér sást selskinn. Hér er ekki mikið um sel, og það var ekki nema ef þeir villtust hingað að þeir væru



veiddir. Ég man einu sinni eftir að pabbi veiddi sel. Það var heil hátíð. Selskinnið var svo fallegt í skó.“ (ÞÞ 7257, bls. 5).

Næst er það hákarlsskrápur en hann virðist hafa verið notaður þar sem aðgengi var að hráefninu óháð landsvæði. Fyrir utan tvö landsvæði Vestfirði og Norðurland, þar sem algengt virðist hafa verið að nota hann (sjá t.d. ÞÞ 955, bls. 9). Á Vestfjörðum virðist hafa verið algengt að nota skrápskó en samkvæmt Jóhannesi Jónssyni var notkun hans sérstaklega almenn þar sem skæðaskinn voru af skornum skammti (Jóhannes Jónsson, 1978, bls. 24). Einnig kemur fram hjá Jónasi Jónassyni að mjög algengt hafi verið nyrðra að gera skó úr hákarlsskráp, sem staðfestir það sem sagt hefur verið hér að ofan (Jónas Jónasson, 1945, bls. 16).

Að lokum skal minnst á notkun roðs en því hefur yfirleitt verið haldið fram að það hafi verið algengt á Vestfjörðum. Í svörum heimildarmanna Þjóðháttasafns við spurningaskránni um skógerð kemur ýmist fram í svörum þaðan að roðskór hafi verið algengir eða þá að menn vildu ekkert kannast við notkun þeirra (ÞÞ 1719, bls. 5-6 og ÞÞ 970, bls. 11). Því er ekki hægt að alhæfa neitt en þó má ætla að notkun roðskóa hafi verið algengari á Vestfjörðum en í hinum landshlutunum, því þeir voru lítið notaðir annars staðar samkvæmt svörum heimildarmanna Þjóðháttasafns. Karlmaður fæddur 1887 frá Suðurlandi og kona fædd 1902 frá Vestfjörðum sögðu í svörum sínum frá því að hrútsþungar hefðu verið notaðir í skó fyrir börn á einhverjum heimilum, eflaust vegna þess skorts á efnivið til skógerðar því notkun þeirra var annars nánast óþekkt (ÞÞ 917, bls. 4 og ÞÞ 973, bls. 7).

Algengast virðist hafa verið að nota þunn eða elt skinn í bryddingar allsstaðar á landinu, auk þess sem mjög algengt virðist hafa verið að nota léreft og þótti jafnvel fínt (sjá t.d. ÞÞ 7232, bls. 3). Einn heimildarmaður, karlmaður fæddur 1900 frá Héraði, segir að léreft hafi upphaflega verið notað vegna skorts á bryddingaskinni og fleiri staðfesta það, til dæmis kona fædd 1886 úr Hokinsdal við Arnarfjörð (ÞÞ 3818, bls. 4 og ÞÞ 955, bls. 8). Í stað bryddinga var hægt að snúra skó og var það sérstaklega algengt á Suðurlandi og almennt talað um það sem sunnlenska aðferð. Að snúra skór þekktist þó í öllum landshlutum en virðist ekki hafa verið mjög algengt, einna helst hefur það tíðkast á Suðurlandi (sjá t.d. ÞÞ 7256, bls. 1 og ÞÞ 945, bls. 4).

Efnisval í þvengi var mjög svipað í öllum landshlutum því sóst var eftir þunnu skinni eða skinni af sjálfdaudu eða rotuðu fê og stundum var eltiskinn notað. Einstaka heimildarmenn frá Suður-, Norður-, Austur- og Vesturlandi könnuðust við að hundsskinn hefðu verið notuð í þvengi. Sem dæmi má nefna karlmann fæddan 1918 úr

Skagafjarðarsýslu sem vissi til þess að það hefði verið gert, en ekki á hans heimaslóðum (ÞÞ 1001, bls. 7). Notkun hundsskinna hefur því þekkt en ekki verið algeng. Samkvæmt tveimur vestfirskum karlmönnum fæddum 1892 og 1932 voru aflögð skinnklæði notuð í þvengi og á Suðurlandi þekktist að nota álsroð í þvengi (ÞÞ 993, bls. 3 og ÞÞ 963, bls. 2). Efnisvalið virðist því hafa farið eftir því hvað féll til á hverjum stað.

Að lokum skal skoða hvort notað var sama seymi allsstaðar, en algengast virðist hafa verið að nota seymi úr stórgripum í öllum landshlutum, aðallega úr kúm og hrossum. Hvalseymi þekktist þar sem aðgangur var að því óháð landshlutum, helst þar sem hvalstöðvar voru nálægt því þá var auðvelt að nálgast það (sjá. t.d. ÞÞ 1719, bls. 3). Í öllum landshlutum þekktist jafnframt notkun togþráðar, seglgarns og hörtvinna sérstaklega þegar líða tók að lokum þess tíma sem íslenskir skinnskór voru notaðir (sjá t.d. ÞÞ 999, bls. 15). Notkun á seymi virðist helst hafa stjórnað af því hve aðgengilegt það var hverju heimili í stað þess að landsvæðin hafi haft einhver séreinkenni.

Efnisval virðist út frá ofangreindu hafa farið eftir því hvað var til staðar á hverju landsvæði eða á hverju heimili. Fólk virðist hafa notað það sem til féll og ekkert var látið fara til spillis, allt var notað.

#### 4.1.3 Saumaskapur

Þegar litið er á svör um saumaskap á skæðum sést ekki beinn mismunur milli landsvæða. Mismunur virðist frekar hafa farið eftir vana og handbragð hvernar konu, því ekki komu í ljós neinar sérstakar aðferðir við saumaskap. Konur notuðu mismunandi gerð af saum við saumaskap eins og aftursting eða sérstakan skósaum sem áður var minnst á, en það var svipað milli landsvæða.

Jafnframt er minnst á það í svörum frá Norður- og Vesturlandi að skór úr þunnu skinni hafi síðustu ár íslensku skógerðarinnar verið saumaðir í saumavél, en það hefur væntanlega farið eftir því hvort saumavélar voru til á heimilum eða ekki (ÞÞ 7232, bls. 7). Einnig var ólíkt hvort saumað var á réttu eða röngu en þar er ekki mismun að finna milli landsvæða. Saumaskapur hefur því á heildina litið verið svipaður um land allt en þó með mismunandi áherslum hvernar og einnar konu sem skóna gerði.

## 5. Niðurstöður

Vissu tímabili í íslenskri verkmenningu lauk þegar hætt var að gera íslenska skó en almennt virðist fólk hafa verið sátt við það, því mun fleiri gallar þóttu við íslensku skóna en kostir. Við tóku innfluttir skór, svokallaðir danskir skór eða stígvél, sem fólki virðist almennt hafa liðið betur í, auk þess sem nokkur tími sparaðist sem áður hafði farið skógerð og bætingar. Einstaka menn héldu þó tryggð við skóna líkt og áður hefur komið fram, en fljótlega létu þeir af þeirri tryggð þegar reynsla komst á þá innfluttu. Konur náðu í kjölfar þess að hætt var að gera skóna að einbeita sér frekar að öðrum störfum, auk þess sem nokkur verkefni sem höfðu verið á höndum karlanna vegna skógerðar féllu niður.

Skógerð var að einhverju leyti ólík milli landsvæða, en munurinn virðist að mestu hafa legið milli heimila og þeirra ákvarðana sem teknar voru um efni, litun og fleira sem tengdist skógerð. Auk þess sem fjárhagur heimila virðist hafa skipt miklu máli, til dæmis hvort fólk hafði efni á að kaupa lit eða skæðaskinn ef þau þraut. Einnig voru áhöld við skógerð yfirleitt það sem fólk gat sjálft orðið sé úti um eða átti þegar, en ekki var mikið gert af því að kaupa áhöld til skógerðar nema einna helst nálar. Efnisval var nokkuð fjölbreytt og það var einna helst ólíkt milli landsvæða. Fór efnisval helst eftir því hvort það hráefni sem sóst var eftir var aðgengilegt. Til dæmis virðist nánast allsstaðar hafa verið hægt að nálgast sauðskinn og leður og því voru þau einna algengust í skógerð. Annað dæmi sem hægt er að koma með varðandi efnisnotkun er að roðskór voru einna algengastir á Vestfjörðum. Annars var yfirleitt allt notað sem til féll og nýtni var greinilega mikil hjá fólki og einkennir í raun skógerðina. Sést það til dæmis á því að hrútsþungar voru á einhverjum heimilum notaðir í barnaskó. Val á bryddinga- og þvengjaskinni var yfirleitt sambærilegt milli landsvæða fyrir utan aðferðina að snúra skó sem talin var sunnlensk aðferð. Saumaskapur var síðan eftir vali og venjum hvernar konu.

Á litavali sést að fólk reyndi að nota það sem nálgast mátti á sem hagkvæmastan hátt, til dæmis var tínt sortulyng auk þess sem plankar með eir í voru teknir til handargagns. Væri það ekki hægt voru litir keyptir og notaðir við vinnslu skinna. Aðferðir við eltingu voru nánast allsstaðar þær sömu nema á Vestfjörðum, þeir skáru sig

úr því álúnselta virðist ekki hafa tíðkast þar. Reyking virðist hafa verið notuð almennt á heimilum og flestir sammála um að hún bætti skinnin.

Saumaskapur virðist hins vegar hafa verið mjög líkur milli landssvæða og þar réðu konur mestu um sjálfar því þær tóku ákvarðanir um það sem þeim þótti henta og duga best. Vani kvenna hefur haft mikil áhrif og þær hafa eflaust notað þá aðferð sem gerði þeim kleift að gera skóna á sem stystum tíma án þess þó að skerða gæði þeirra.

Aðrir hlutir tengdir skóm eins og umhirða og geymsla fór eftir vali þeirra kvenna sem sáu um viðhald á skónum, en ekki var hægt að greina neinn mun milli landssvæða. Það var í raun í höndum hvernar konu hversu mikla vinnu hún vildi leggja í að halda skóm við til að þurfa ekki að gera nýja, auk þess sem viðhaldið og viðgerðirnar spöruðu það skæðaskinn sem til var.

Vegna mikilvægis skónna fyrir alla virðist margvísleg menning hafa tengst skónum sem meðal annars sést á hjátrú tengdri gerð þeirra. Mismunandi hjátrú virðist hafa verið milli landsvæða, en hafa þarf í huga að svör heimildarmanna Þjóðháttasafns voru fá. Heiti á skóm voru oftast svipuð milli landsvæða nema í einstaka tilvikum til dæmis var talað um gangnaskó á Norðurlandi, en göngu- og fjallskó á Suðurlandi. Málvenjur heimila virðast því hafa skipt einna mestu máli.

Efnið sem hér hefur verið til umfjöllunar er svo sannarlega áhugavert og í framhaldinu á þessari ritgerð og heimildarvinnu úr stórmerkilegum svörum heimildarmanna Þjóðháttasafns væri áhugavert að fara á söfn hérlendis sem hafa áreiðanlega flest íslenska skó undir höndum til að greina enn frekar gerð þeirra. Vel má hugsa sér framhaldsrannsókn á söfnum landsins til að sjá hvort niðurstaða þessarar ritgerðar sé í samræmi við það sem þar er að finna. Einnig væri áhugavert að bera íslenska skógerð saman við skógerð á hinum Norðurlöndunum eða í Færeyjum til að sjá hvaða líkindi sé að finna þar á milli og hvað sé ólíkt. Það er vel hægt að rannsaka skógerð út frá fleiri sjónarhornum, meðal annars með verkmenningu í huga. Slíkar rannsóknir verða þó að bíða betri tíma.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

*Óprentuð gögn á Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns: Svör við spurningalista 12 um skógerð (1964):*

- ÞP 4, kvk. f. 1919, Fnjóskadalur.
- ÞP 908, kk. f. 1884, Suðurland.
- ÞP 915, kk. f. 1892, Hérað.
- ÞP 917, kk. f. 1887, Suðurland.
- ÞP 918, kk. f. 1888, Norðurland.
- ÞP 919, kk. f. 1893, Skagafjörður.
- ÞP 924, kk. f. 1882, óþekktur upprunastaður.
- ÞP 925, kk. f. 1890, Vestur-Húnavatnssýsla.
- ÞP 928, kk. f. vantar, Austurland.
- ÞP 929, kk. f. 1893, Norðurland.
- ÞP 930, kk. f. 1881, Vestfirðir.
- ÞP 932, kk. f. 1892, óþekktur upprunastaður.
- ÞP 933, kk. f. 1892, óþekktur upprunastaður.
- ÞP 936, kk. f. 1903, Skaftafellssýsla.
- ÞP 945, kk. f. 1901, Austurland.
- ÞP 949, kk. f. 1895, Suður-Borgarfjörður.
- ÞP 951, kk. f. 1889, Austurland.
- ÞP 952, kk. f. 1889, óþekktur upprunastaður.
- ÞP 955, kvk. f. 1886, Vestfirðir.
- ÞP 963, kk. f. 1902, Árnessýsla.
- ÞP 964, kvk. f. 1889, Árnessýsla.
- ÞP 969, kk. f. 1877, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 970, kk. f. 1883, Vestfirðir.

ÞÞ 973, kvk. f. 1902, Vestfirðir.

ÞÞ 976, kvk. f. 1907, Eyjahreppur.

ÞÞ 979, kvk. f. 1893 og kk. f. 1903, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 981, kk. f. 1895, Þingeyjarsýsla.

ÞÞ 985, kvk. f. 1885, Austurland.

ÞÞ 987, kk. f. 1900, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 990, kk. f. 1901, Svalbarðsstrandarhreppi.

ÞÞ 991, kk. f. 1891, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 993, kk. f. 1892 og kk. f. 1932, Vatnsfjörður.

ÞÞ 999, kk. f. 1898, Árnessýsla.

ÞÞ 1000, kk. f. 1884, Húnavatnssýsla.

ÞÞ 1001, kk. f. 1918, Skagafjarðarsýslu.

ÞÞ 1006, kk. f. 1902, Skagafjörður.

ÞÞ 1009, kk. f. 1892, Þingeyjarsýsla.

ÞÞ 1015, kk. f. 1915, Austur-Skaftafellssýslu.

ÞÞ 1039, kvk. f. 1897, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 1040, kk. f. 1908, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 1059, kk. f. 1898, Vesturland.

ÞÞ 1071, kk. f. 1896, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 1082, kk. f. 1905, Gullbringusýsla.

ÞÞ 1124, kk. f. 1908, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 1181, kk. f. 1916, Austurland.

ÞÞ 1210, kvk. f. 1904, Reykhólasveit.

ÞÞ 1212, kk. f. 1895, óþekktur upprunastaður.

ÞÞ 1410, kk. f. 1928, Hérað.

ÞÞ 1719, kk. f. 1893, Tálknafjörður.

ÞP 3818, kk. f. 1900, Hérað.

ÞP 7215, kvk. f. 1898, Öxnadal.

ÞP 721, kvk. f. 1905, óþekktur upprunastaður.

ÞP 7219, kvk. f. 1898, Austurland.

ÞP 7221, kk. f. 1898, Arnarneshreppi.

ÞP 7225, kvk. f. 1900, óþekktur upprunastaður.

ÞP 7229, kvk. f. 1907, óþekktur upprunastaður.

ÞP 7230, kvk. f. 1903, óþekktur upprunastaður.

ÞP 7231, kvk. f. 1910, Blönduós.

ÞP 7232, kvk. f. 1905 og kvk. f. 1893, Norðurland.

ÞP 7233, kvk. f. 1906, Norðurland.

ÞP 7234, kvk. f. 1911, Norðurlandi.

ÞP 7250, kvk. f. 1905, Suðurland.

ÞP 7254, kvk. f. 1902, Suðurland.

ÞP 7255, kvk. f. 1904, Vestmannaeyjar.

ÞP 7256, kvk. f. 1910, Vestmannaeyjar.

ÞP 7257, kvk. f. 1910, Vestmannaeyjar.

ÞP 7258, kvk. f. 1911, Norðfjörður.

ÞP 7260, kvk. f. 1903, óþekktur upprunastaður.

ÞP 7401, kvk. f. 1901, Kjósarsýsla.

ÞP 8096, kvk. f. 1909, Búðardalur.

## Prentaðar heimildir

- Egill Ólafsson (1970). „Roðskór.“ *Hugur og hönd*, bls. 4-5.
- Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi (1990). *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum* (2. útgáfa). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Hulda Á. Stefánsdóttir (1970). „Íslenzkir skór.“ *Hugur og hönd*, bls. 4-6.
- Hulda Á. Stefánsdóttir (1979). „Um íslenskan klæðnað.“ *Hugur og hönd*, bls. 4-11.
- Jóhanna Kristjánsdóttir (1971). „Roðskór.“ *Hugur og hönd*, bls. 6.
- Jóhannes Jónsson (1978). „Skógerð.“ *Strandapósturinn*, 12. árgangur, bls. 23-28.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1945). *Íslenzkir þjóðhættir* (2. útgáfa). Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.
- Kristrún Matthíasdóttir (1992). „Sitt af hverju um hversdagsklæðnað kvenna fyrir 80–100 árum.“ *Hugur og hönd*, bls. 17-20.
- Lúðvík Kristjánsson (1983). *Íslenzkir sjávarhættir III*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Matthildur Halldórsdóttir (1944). *Um jurtalitun*. Reykjavík: Steindórsprent.
- Sigrún Helgadóttir, Þorgerður Hlöðversdóttir, Herdís Pétursdóttir og Heiður Vigfúsdóttir (2006). „Selskinnskór úr Skaftafellssýslu.“ *Hugur og hönd*, bls. 29-31.
- Simon Jón Jóhannsson (1999). *Stóra hjátrúarbókin*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Þórður Tómasson (1979). „Kjalaðir skór.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 99-102.
- Æsa Sigurjónsdóttir (1985). *Klæðaburður íslenskra karla á 16., 17. og 18. öld* (Ritsafn Sagnfræðistofnunar 13). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Æsa Sigurjónsdóttir (2004). „Klæðnaður og tíska. Breytingar á fatnaði í ellefu aldir.“ Í Árne Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni* (bls. 236-245). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.



